

## Greiðslujöfnuðurinn við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins janúar-mars 2002

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands var viðskiptahalli við útlönd 1,5 milljarðar króna á fyrsta fjórðungi ársins. Á sama tíma í fyrra var viðskiptahallinn 18,5 milljarðar króna. Á föstu gengi minnkaði hallinn um 19,5 milljarða króna<sup>1</sup>. Minni viðskiptahalli stafar einkum af samdrætti í innflutningi vöru og þjónustu og í þáttagjöldum, en útflutningur jókst lítillega frá fyrra ári. Afgangur á vöruskiptajöfnuði nam 5,7 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi. Á sama tíma í fyrra var 7,1 milljarðs króna vöruskiptahalli. Halli á þjónustuviðskiptum var 1,3 milljarðar króna en hann var 2,4 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Hreinar þáttatekjur voru neikvæðar um 5,5 milljarða króna sem er þremur milljörðum króna lægri fjárhæð en á sama tíma í fyrra. Þar munar mest um minni vaxtabyrði af erlendum skuldum vegna vaxtalækkana á erlendum lánamörkuðum.

Innstreymi fjár mældist 11,1 milljarður króna á fyrsta ársfjórðungi, fyrst og fremst vegna erlendra lántöku í formi skuldabréfaútgáfu og bankalána. Fjárútsstreymi vegna erlendra verðbréfakaupa nam 9,6 milljörðum króna sem var nær helmingi meira en á sama tímabili í fyrra. Beinar fjárfestingar Íslendinga erlendis námu 1,4 milljörðum króna en fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi voru litlar sem engar. Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst lítillega á fyrsta fjórðungi ársins og nam hann 36 milljörðum króna í lok mars 2002.

### *Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna*

| <i>Ársfjórðungar:</i>             | <i>I.</i>    | <i>II.</i>   | <i>III.</i>  | <i>IV.</i>   | <i>I.</i>   |
|-----------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|-------------|
|                                   | <i>2001</i>  | <i>2001</i>  | <i>2001</i>  | <i>2001</i>  | <i>2002</i> |
| <b>Viðskiptajöfnuður</b>          | <b>-18,5</b> | <b>-11,4</b> | <b>-7,2</b>  | <b>4,9</b>   | <b>-1,5</b> |
| Útflutningur vöru og þjónustu     | 64,8         | 71,9         | 84,3         | 82,5         | 75,6        |
| Innflutningur vöru og þjónustu    | -74,8        | -75,0        | -84,4        | -73,2        | -71,2       |
| Þáttatekjur og framlög, nettó     | -8,4         | -8,3         | -7,1         | -4,5         | -5,9        |
| <b>Fjármagnsjöfnuður</b>          | <b>19,9</b>  | <b>-11,1</b> | <b>18,0</b>  | <b>7,8</b>   | <b>11,1</b> |
| Hreyfingar án forða               | 19,7         | -16,1        | 20,1         | 6,1          | 12,0        |
| Gjaldeyrisforði (- aukning)       | 0,1          | 4,8          | -2,2         | 1,7          | -0,9        |
| <i>Skekkjur og vantalið nettó</i> | <i>-1,5</i>  | <i>22,6</i>  | <i>-10,8</i> | <i>-12,7</i> | <i>-9,7</i> |

Erlendar skuldir þjóðarinnar voru 567 milljarðar króna umfram eignir í lok mars sl. og hafði skuldastaðan lækkað frá ársbyrjun vegna gengishækkunar krónunnar. Á meðfylgjandi yfirlitum eru ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins á fyrsta fjórðungi ársins 2002 ásamt endurskoðun á tölum síðasta árs. Endurskoðun fjármagnshreyfinga jók fjárútsstreymi á síðasta ári frá því sem áður hafði verið birt vegna meiri útlána innlendra innlánsstofnana til erlendra lánþega en þau námu 25 milljörðum króna í árslok 2001. Erlendar lántökur opinberra aðila reyndust einnig meiri en fram kom í bráðabirgðauppgjöri. Í heild veldur endurskoðun á þessum tveimur liðum 15 milljarða króna lækkun hreinnar skuldastöðu við útlönd frá því sem áður var talið og nam hún samkvæmt því 595 milljörðum króna í árslok 2001.

<sup>1</sup> Viðskiptavegin gengisvísitala er 13,7% hærri á fyrsta fjórðungi 2002 en á sama tímabili árið áður.

# GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

| <i>Í milljónum króna</i>       | <b>Janúar-<br/>2000</b> | <b>desember<br/>2001</b> | <i>Breyting 1)<br/>frá fyrra ári</i> | <b>Janúar - mars<br/>2001</b> | <b>2002</b>   | <i>Breyting 1)<br/>frá fyrra ári</i> |
|--------------------------------|-------------------------|--------------------------|--------------------------------------|-------------------------------|---------------|--------------------------------------|
| <b>Viðskiptajöfnuður</b>       | <b>-68.005</b>          | <b>-32.194</b>           |                                      | <b>-18.453</b>                | <b>-1.470</b> |                                      |
| Útflutningur vöru og þjónustu  | 231.632                 | 303.444                  | 9,2%                                 | 64.764                        | 75.614        | 2,7%                                 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | -278.637                | -307.292                 | -8,1%                                | -74.773                       | -71.203       | -16,2%                               |
| Þáttatekjur og framlög, nettó  | -21.000                 | -28.346                  | 22,1%                                | -8.444                        | -5.881        | -40,2%                               |
| <b>Vöruskiptajöfnuður</b>      | <b>-37.480</b>          | <b>-6.123</b>            |                                      | <b>-7.110</b>                 | <b>5.734</b>  |                                      |
| Útfluttar vörur f.o.b.         | 149.272                 | 196.394                  | 9,7%                                 | 45.463                        | 53.388        | 3,3%                                 |
| Innfluttar vörur f.o.b.        | -186.752                | -202.517                 | -9,6%                                | -52.573                       | -47.654       | -20,3%                               |
| <b>Þjónustujöfnuður</b>        | <b>-9.525</b>           | <b>2.275</b>             |                                      | <b>-2.899</b>                 | <b>-1.323</b> |                                      |
| Útflutt þjónusta alls          | 82.360                  | 107.050                  | 8,3%                                 | 19.301                        | 22.226        | 1,3%                                 |
| Samgöngur                      | 40.833                  | 50.879                   | 3,9%                                 | 10.142                        | 11.829        | 2,6%                                 |
| Ferðalög                       | 17.967                  | 22.881                   | 6,1%                                 | 2.868                         | 3.156         | -3,2%                                |
| Önnur þjónusta                 | 23.560                  | 33.290                   | 17,8%                                | 6.291                         | 7.241         | 1,3%                                 |
| Innflutt þjónusta              | -91.885                 | -104.775                 | -5,0%                                | -22.200                       | -23.549       | -6,7%                                |
| Samgöngur                      | -32.697                 | -39.855                  | 1,6%                                 | -8.279                        | -10.346       | 9,9%                                 |
| Ferðalög                       | -37.082                 | -36.401                  | -18,2%                               | -6.954                        | -6.589        | -16,6%                               |
| Önnur þjónusta                 | -22.106                 | -28.519                  | 7,5%                                 | -6.967                        | -6.614        | -16,5%                               |
| <b>Þáttatekjur, nettó</b>      | <b>-20.238</b>          | <b>-27.387</b>           |                                      | <b>-8.529</b>                 | <b>-5.493</b> |                                      |
| Tekjur                         | 11.584                  | 15.482                   | 11,4%                                | 3.130                         | 4.102         | 15,3%                                |
| Laun                           | 5.516                   | 5.772                    | -12,8%                               | 1.272                         | 1.400         | -3,2%                                |
| Vextir og arður                | 6.068                   | 9.710                    | 33,4%                                | 1.858                         | 2.702         | 27,9%                                |
| Gjöld                          | -31.822                 | -42.869                  | 12,3%                                | -11.659                       | -9.595        | -27,6%                               |
| Laun                           | -844                    | -533                     | -47,4%                               | -113                          | -101          | -21,4%                               |
| Vextir og arður                | -30.978                 | -42.336                  | 13,9%                                | -11.546                       | -9.494        | -27,7%                               |
| Rekstrarframlög                | -762                    | -959                     |                                      | 85                            | -388          |                                      |
| <b>Fjármagnsjöfnuður</b>       | <b>71.244</b>           | <b>34.577</b>            |                                      | <b>19.914</b>                 | <b>11.154</b> |                                      |
| Fjárframlög, nettó             | -222                    | 362                      |                                      | 88                            | -24           |                                      |
| Fjármagnshreyfingar *          | 71.466                  | 34.215                   |                                      | 19.826                        | 11.178        |                                      |
| <b>Hreyfingar án forða</b>     | <b>66.158</b>           | <b>29.855</b>            |                                      | <b>19.742</b>                 | <b>12.035</b> |                                      |
| Bein fjárfesting, nettó        | -18.036                 | -12.076                  |                                      | -2.478                        | -1.052        |                                      |
| Innlendra aðila erlendis       | -30.440                 | -28.995                  |                                      | -1.998                        | -1.444        |                                      |
| Erlendra aðila á Íslandi       | 12.404                  | 16.919                   |                                      | -480                          | 392           |                                      |
| Verðbréfavíðskipti, nettó      | 39.328                  | 57.798                   |                                      | 7.114                         | -3.078        |                                      |
| Erlend verðbréf                | -49.151                 | -5.643                   |                                      | -4.931                        | -9.573        |                                      |
| Hlutfé                         | -49.947                 | -5.812                   |                                      | -4.789                        | -6.690        |                                      |
| Skuldaskjöl                    | 796                     | 169                      |                                      | -142                          | -2.883        |                                      |
| Innlend verðbréf               | 88.479                  | 63.441                   |                                      | 12.045                        | 6.495         |                                      |
| Hlutfé                         | -3.350                  | 4.266                    |                                      | 502                           | -2.433        |                                      |
| Skuldaskjöl                    | 91.829                  | 59.175                   |                                      | 11.543                        | 8.928         |                                      |
| Annað fjármagn, nettó          | 44.866                  | -15.867                  |                                      | 15.106                        | 16.165        |                                      |
| Eignir                         | -7.112                  | -34.655                  |                                      | -8.013                        | 3.307         |                                      |
| Skuldir                        | 51.978                  | 18.788                   |                                      | 23.119                        | 12.858        |                                      |
| <b>Gjaldeyrisforði</b>         | <b>5.308</b>            | <b>4.360</b>             |                                      | <b>84</b>                     | <b>-857</b>   |                                      |
| Skekkjur og vantalið           | -3.239                  | -2.383                   |                                      | -1.461                        | -9.684        |                                      |

\* Sundurliðun fjármagnshreyfinga:<sup>2</sup>

|                                    |             |              |              |              |              |              |
|------------------------------------|-------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Áhættufjármagn                     | -71.333     | -13.622      |              | -6.765       | -10.175      |              |
| Skuldabréf, lán o.fl.              | 142.799     | 47.837       |              | 26.591       | 21.353       |              |
| Seðlabankinn                       | 15.960      | -1.438       |              | 11.927       | 4.834        |              |
| Hið opinbera                       | 16.168      | 42.171       |              | 3.465        | 1.911        |              |
| Innlánsstofnanir                   | 69.867      | -5.630       |              | -1.092       | 9.845        |              |
| Aðrir geirar                       | 40.804      | 12.734       |              | 12.291       | 4.763        |              |
| <i>Gengisvísitala (1994 = 100)</i> | <i>96,1</i> | <i>115,3</i> | <i>20,0%</i> | <i>103,9</i> | <i>118,1</i> | <i>13,7%</i> |

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Neikvætt formerki táknar fjárústreymi vegna eignaaukningar eða skuldalækkunar.

## ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

| <i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>          | <i>1997</i>   | <i>1998</i>   | <i>1999</i>   | <i>2000</i>   | <i>2001</i>    | <i>Mars*<br/>2002*</i> |
|------------------------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|----------------|------------------------|
| <b>I. Erlendar eignir, alls</b>                | <b>115,1</b>  | <b>239,4</b>  | <b>244,1</b>  | <b>315,1</b>  | <b>410,2</b>   | <b>399,7</b>           |
| 1 Bein fjárfesting erlendis                    | 19,6          | 110,7         | 33,0          | 55,5          | 89,8           | 90,9                   |
| 11 Eigið fjármagn                              | 8,8           | 96,8          | 16,6          | 40,3          | 77,2           | 78,0                   |
| 12 Lán til tengdra félaga                      | 10,8          | 13,9          | 16,4          | 15,2          | 12,6           | 12,9                   |
| 2 Erlend markaðsverðbréf                       | 40,6          | 72,5          | 138,8         | 186,3         | 200,6          | 196,2                  |
| 21 Hlutfé                                      | 28,7          | 57,5          | 124,3         | 179,7         | 193,4          | 191,7                  |
| 22 Skuldaskjöl                                 | 11,9          | 14,9          | 14,5          | 6,6           | 7,2            | 4,4                    |
| 221 Skuldabréf                                 | 5,9           | 9,0           | 12,5          | 3,6           | 6,4            | 4,2                    |
| 222 Peningabréf                                | 0,6           | 0,5           | 0,9           | 3,0           | 0,8            | 0,2                    |
| 223 Afleiður                                   | 5,5           | 5,4           | 1,2           | 0,0           | 0,0            | 0,0                    |
| 3 Aðrar fjáreignir en forði                    | 27,0          | 26,6          | 36,6          | 39,1          | 83,1           | 76,6                   |
| 4 Gjalddeyrisforði                             | 27,8          | 29,6          | 35,8          | 34,2          | 36,6           | 36,0                   |
| <b>II. Erlendar skuldir, alls</b>              | <b>361,6</b>  | <b>441,6</b>  | <b>549,7</b>  | <b>766,4</b>  | <b>1.005,1</b> | <b>966,7</b>           |
| 1 Bein fjárfesting á Íslandi                   | 24,2          | 32,3          | 34,9          | 41,0          | 64,2           | 63,2                   |
| 11 Eigið fjármagn                              | 14,3          | 24,0          | 25,3          | 33,6          | 58,1           | 58,0                   |
| 12 Lán frá tengdum félögum                     | 9,9           | 8,3           | 9,6           | 7,4           | 6,0            | 5,2                    |
| 2 Innlend markaðsverðbréf                      | 152,1         | 157,6         | 227,4         | 346,7         | 468,5          | 455,1                  |
| 21 Hlutfé                                      | 0,0           | 1,0           | 4,8           | 1,2           | 6,0            | 3,2                    |
| 22 Skuldaskjöl                                 | 152,1         | 156,7         | 222,6         | 345,5         | 462,4          | 451,9                  |
| 221 Skuldabréf                                 | 132,9         | 138,5         | 181,7         | 299,2         | 379,5          | 378,3                  |
| 222 Peningabréf                                | 13,9          | 13,0          | 39,8          | 46,3          | 83,0           | 73,5                   |
| 223 Afleiður                                   | 5,3           | 5,1           | 1,2           | 0,0           | 0,0            | 0,0                    |
| 3 Aðrar erlendar skuldir                       | 185,3         | 251,7         | 287,4         | 378,6         | 472,5          | 448,4                  |
| 31 Löng lán                                    | 132,7         | 198,6         | 232,4         | 291,4         | 377,1          | 334,5                  |
| 32 Skammtímaskuldir                            | 52,6          | 53,1          | 55,0          | 87,2          | 95,4           | 113,9                  |
| <b>III. Hrein staða við útlönd</b>             | <b>-246,5</b> | <b>-202,2</b> | <b>-305,6</b> | <b>-451,3</b> | <b>-594,9</b>  | <b>-567,0</b>          |
| 1. Áhættufjármagn nettó                        | 23,2          | 129,4         | 110,8         | 185,2         | 206,5          | 208,5                  |
| 2. Skuldabréf, lán o.fl. nettó                 | -269,7        | -331,6        | -416,4        | -636,5        | -801,4         | -775,5                 |
| 21 Seðlabankinn                                | 27,9          | 26,0          | 32,2          | 18,6          | 21,7           | 16,2                   |
| 22 Hið opinbera                                | -137,4        | -135,3        | -138,2        | -167,4        | -239,6         | -232,9                 |
| 23 Innlánsstofnanir *                          | -54,8         | -94,1         | -145,2        | -329,5        | -377,7         | -389,8                 |
| 24 Aðrir geirar *                              | -105,4        | -128,5        | -164,8        | -156,2        | -205,9         | -169,0                 |
| <i>Gengi Bandaríkjadals</i>                    | <i>71,98</i>  | <i>69,32</i>  | <i>72,35</i>  | <i>84,47</i>  | <i>102,95</i>  | <i>99,48</i>           |
| <b>IV. Skuldahlutföll : 1)</b>                 |               |               |               |               |                |                        |
| <i>1 Staða í % af vergri landsframleiðslu:</i> |               |               |               |               |                |                        |
| 11 Hrein staða þjóðarbúsins                    | -47,8         | -34,8         | -49,5         | -63,6         | -76,1          | -71,7                  |
| 12 Hrein skuldastaða 2)                        | 52,3          | 57,1          | 67,4          | 89,7          | 102,5          | 98,1                   |
| 13 Erlend skuldastaða 3)                       | 65,4          | 70,3          | 82,6          | 102,1         | 119,6          | 113,9                  |
| 131 Þ.a. langtímaskuldir                       | 51,4          | 57,9          | 66,0          | 82,9          | 96,2           | 95,8                   |

\*) Bráðabirgðatölur. Kaupþing banki hf. varð viðskiptabanki í janúar 2002 sem olli tilfærslu frá öðrum geirum til innlánsstofnana.

1 Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils

2) Hrein skuldastaða (skuldir að fráðregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutfé)

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson deildarstjóri á tölfraeðisviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.